

Nd.

143. Frumvarp

til laga um kaup á eimskipi til vöruflutninga milli Íslands og útlanda.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til þess að kaupa skip eftir þörtum frá 1500 til 2000 smálestir að stærð til vöruflutninga milli Íslands og útlanda, og taka lán í því skyni, eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Öll útgjöld til útgerðar skipsins skal veita í fjárlögnum eða fjáraukalögum, enda renni allar tekjur þess í landssjóð.

3. gr.

Landsstjórnin ræður farstjórn skipsins, og annast farstjórnin ráðningu yfirmanna þess og útvegar afgreiðslumenn á þeim höfnum, er skipið kemur á.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður farmgjöld eftir tillögum farstjórnar.

5. gr.

Farstjórnin skal halda nákvæman reikning yfir öll útgjöld og allar tekjur skipsins og rita hann í bók, er landsstjórnin löggildir til þess. Fyrir marsmánaðarlok ár hvert skal farstjórnin hafa sent landsstjórninni nákvæman reikning, með fylgiskjólum, fyrir næstliðið almanaksár, og sýni hann glögglega allan fjárhag skipsútgerðarinnar. Reikningur þessi skal endurskoðaður á skrifstofu þeirri í stjórnarráðinu, er samgöngumálin heyra undir. Úrskurðar landsstjórnin reikninginn.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.